

# JAFNRÉTTISMÁL

## Peking áætlunin á Íslandi

Útdráttur úr framkvæmdaáætlun ráðstefnu  
Sameinuðu Þjóðanna um málefni kvenna,  
Peking 4.-15. september 1995

*Konur og fátækt*

*Menntun kvenna*

*Konur og heilsufar*

*Ofbeldi gegn konum*

*Konur og vopnuð átök*

*Konur og efnahagsmál*

*Konur við stjórnoölinn*

*Stofnanir sem vinna að  
framgangi kvenna*

*Mannréttindi kvenna*

*Konur og fjölmiðlar*

*Konur og umhverfið*

*Stúlkubörn og unglingsstúlkur*

Félagsmálaráðuneytið

apríl 1998 : 5



# PEKINGÁÆTLUNIN Á ÍSLANDI

Útdráttur úr framkvæmdaáætlun ráðstefnu  
Sameinuðu þjóðanna um málefni kvenna,  
Peking 4.-15. september 1995

Þ E K I N G A Æ T L U N I N

ÚTGEFANDI: FÉLAGSMÁLARÁÐUNEYTIÐ 1998  
MYNDSKREYTINGAR OG ÚTLIT: LASSÓ OG REATA  
ÞÝÐANDI: JÓNÍNA MARGRÉT GUÐNADÓTTIR

UMSJÓN MEÐ ÚTGÁFU: SIGRÍÐUR LILLÝ BALDURSDÓTTIR

UMBROT OG PRENTUN: HAGPRENT-INGÓLFSPRENT EHF

## Formáli félagsmálaráðherra

Á fjórðu ráðstefnu Sameinuðu þjóðanna um málefni kvenna sem haldin var í Peking dagana 4.-15. september 1995 var samþykkt framkvæmdaáætlun í jafnréttismálum til aldamóta. Íslensk stjórnvöld stóðu að þessari samþykkt og hafa með því einsett sér að framfylgja áætluninni fyrir sitt leyti.

Framkvæmdaáætlun Sameinuðu þjóðanna í jafnréttismálum sem jafnan er kölluð Pekingáætlunin er drjúgt innlegg í kvenfrelsisbaráttuna. Hún er ekki bindandi samkvæmt þjóðarétti en gegnir þrátt fyrir það mikilvægu hlutverki. Framkvæmdaáætlunin er viljayfirlýsing aðildarríkja Sameinuðu þjóðanna um að taka til hendi á tilteknum afmörkuðum sviðum. Í henni eru skilgreind þau viðfangsefni sem þykja mest aðkallandi að unnið verði að til þess að rétta hag kvenna í heiminum. Markmið eru sett og lagðar fram sundurliðaðar tillögur að verkefnum sem vinna þarf að til að ná settu marki.

Vandi kvenna er vissulega margvíslegur og breytilegur eftir löndum og menningarumhverfi og sér þess merki á áætluninni, sem er bæði efnismikil og tekur á ýmsum málum sem kunna að koma einkennilega fyrir sjónir Íslendinga.

Á síðastliðnum vetri skipaði undirritaður samráðshóp ráðuneyta til þess að fara yfir framkvæmdaáætlunina og velja úr þau verkefni sem brýnast þykir að unnið verði að á næstu misserum og árum. Við val sitt hafði samráðshópurinn sérstaklega í huga aðild stjórnvalda að framkvæmdinni. Það þótti þó rétt að taka með ýmsar mikilvægar greinar áætlunarinnar sem ekki verður framfylgt af stjórnvöldum einum eða eru jafnvel ekki á færi stjórnvalda að koma í framkvæmd, heldur fremur félagasamtaka, fjölmiðla eða annarra aðila. Greinarnar hafa nú verið þýddar úr ensku á íslensku og lagfærðar þannig að þær væru aðgengilegri en upphaflegi textinn án þess að merking hans breyttist. En frumtextinn er nokkuð tyrfinn og stofnanalegur og af þeim sökum oft illskiljanlegur öðrum en þeim sem að gerð hans komu.

Til þess að koma á jafnrétti kynjanna í samfélaginu er nauðsynlegt að allir taki höndum saman. Stjórnvöld hafa þar vissulega mikilvægu hlutverki að gegna, en ein sér geta þau þó ekki unnið á gamalgrónum viðhorfum og hefðum sem standa oft í veginum fyrir því að jafnrétti verði náð, þar verða allir að leggjast á eitt.

Íslensk stjórnvöld áttu við undirbúning Peking-ráðstefnunnar gott samstarf við ýmis félagasamtök og hefur við undirbúning þessa kvers verið leitað til fjölda félagasamtaka um ábendingar og athugasemdir. Því má ætla að í kverinu séu þau ákvæði framkvæmdaáætlunarinnar sem þykja mikilvægust út frá íslensku sjónarhorni.

**Í nefnd félagsmálaráðherra sem falið var að gera tillögu að íslenskum útdrætti úr Pekingáætluninni voru:**

Sigríður Lilly Baldursdóttir, formaður, fulltrúi félagsmálaráðuneytis  
Ásta Magnúsdóttir, fulltrúi umhverfisráðuneytis  
Elín R. Líndal, formaður Jafnréttisráðs  
Guðmunda Ögmundsdóttir, fulltrúi landbúnaðarráðuneytis  
Haraldur Sverrisson, fulltrúi fjármálaráðuneytis  
Ingunn Guðmundsdóttir, fulltrúi dóms- og kirkjumálaráðuneytis  
Jósef H. Þorgeirsson, fulltrúi samgönguráðuneytis  
Kristín Magnússon, fulltrúi sjávarútvegsráðuneytis  
Ragnheiður Kristjánsdóttir, fulltrúi iðnaðar- og viðskiptaráðuneytis  
Sigurbjörg Björgvinsdóttir, fulltrúi utanríkisráðuneytis  
Snjólaug Ólafsdóttir, fulltrúi forsætisráðuneytis  
Sólrun Jensdóttir, fulltrúi menntamálaráðuneytis  
Sólveig Guðmundsdóttir, fulltrúi heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytis

**Eftirtalin félagasamtök og hagsmunahópar fengu íslenskan útdrátt Pekingáætlunarinnar til umsagnar.**

Alþýðusamband Íslands  
BPW  
BHM  
BSRB  
Bahá'í - Andlegt þjóðráð bahá'íá á Íslandi  
Friðarhreyfing Íslenskra kvenna  
Kvenfélagasamband Íslands  
Kvenréttindafélag Íslands  
Mannréttindaskrifstofa Íslands  
Menningar- og friðarsamtök íslenskra kvenna  
Rannsóknarstofa í kvennafræðum  
Samtök um kvennaathvarf  
Stígamót - Samtök kvenna um kynferðislegt ofbeldi  
Soroptimistasamband Íslands  
Umbótanefnd ÍSÍ  
UNIFEM á Íslandi  
Vinnumálasambandið  
Vinnuveitendasamband Íslands

*Efnisyfirlit*

INNGANGUR	7
KONUR OG FÁTÆKT	11
MENNTUN KVENNA	13
KONUR OG HEILSUFAR	14
OFBELDI GEGN KONUM	18
KONUR OG VOPNUÐ ÁTÖK	24
KONUR OG EFNAHAGSMÁL	27
KONUR VIÐ STJÓRNVÖLINN	34
STOFNANIR SEM VINNA AÐ FRAMGANGI KVENNA	36
MANNRÉTTINDI KVENNA	38
KONUR OG FJÖLMIÐLAR	40
KONUR OG UMHVERFIÐ	43
STÚLKUBÖRN OG UNGLINGSSTÚLKUR	45

## Inngangur

### Ráðstefna Sameinuðu þjóðanna um málefni kvenna

Ráðstefna Sameinuðu þjóðanna um málefni kvenna, sem haldin var í Peking 4.-15. september 1995 var næst síðust í röð þeirra ráðstefna og leiðtogafunda sem Sameinuðu þjóðirnar hafa staðið fyrir á undanförunum árum. Á ráðstefnunum hefur verið fjallað um málefni sem skipta mannkynið miklu. Auk málefna kvenna hefur verið fjallað um málefni barna, umhverfismál, mannfjölda, þróunarmál, mannréttindi og félagslega þróun. Ráðstefnulotunni lauk með ráðstefnu um byggða- og húsnæðismál sem haldin var í júní 1996.


Mikilvægt er að hafa þetta samhengi Peking ráðstefnunnar í huga þegar um hana er fjallað, en ekki síður er rétt að minna á að hún var fjórða í röð ráðstefna Sameinuðu þjóðanna um málefni kvenna.

Fyrsta ráðstefnan um málefni kvenna var haldin í Mexíkó árið 1975 og markaði hún upphaf kvennaáratugar Sameinuðu þjóðanna. Önnur ráðstefnan var í Kaupmannahöfn árið 1980 og sú þriðja í Nairóbí árið 1985. Ráðstefnurnar í Mexíkó, Kaupmannahöfn og Nairóbí voru haldnar undir kjörorðinu

„Jafnrétti, þróun og friður“. Yfirskrift Peking ráðstefnunnar var „Aðgerðir til að stuðla að jafnrétti, þróun og friði“ enda var lögð áhersla á að ráðstefnan skilaði sér í raunhæfum aðgerðum. Pekingáætlunin var lokaskjal ráðstefnunnar og við gerð hennar var þetta markmið haft að leiðarljósi.

Í starfi Sameinuðu þjóðanna er mikil áhersla lögð á samstarf við félagasamtök og var samhliða ráðstefnunni efnt til samkomu félagasamtaka (NGO-Forum) sem hófst viku fyrr en ráðstefnan og stóð í tvær vikur og skaraðist þannig á við hana. Þátttakendur í samkomu félagasamtaka voru um fjörutíu þúsund talsins og komu þeir frá öllum heimshornum, þar af tuttugu og tvær konur héðan frá Íslandi. Aldrei fyrr í sögu Sameinuðu þjóðanna hafði verið haldin svo fjölmenn og lífleg samkoma. Það kom því ekki á óvart að félagasamtökin höfðu mikil áhrif á störf ráðstefnunnar og efni Pekingáætlunarinnar sem þar var samþykkt.

Á vettvangi Sameinuðu þjóðanna koma menn og konur saman til að finna friðsam-





legar lausnir á þeim vandamálum sem við blasa. Þar takast á talsmenn margvíslegra og ólíkra sjónarmiða með orðum og rökum. Stundum þarf að ræða lengi áður en komist er að niðurstöðu. Það heyrir til undantekninga að greidd séu atkvæði á fundum en þess í stað er leitað allra leiða til að ljúka málum með sátt. Ef eitt aðildarríki fellir sig ekki við orðalag eða efni getur það nægt til þess að koma í veg fyrir samþykkt tillögunnar. Í þessum vinnubrögðum samtakanna liggur bæði styrkur þeirra og veikleiki. Þegar samkomulag næst er það vel grundað og því líklegt til að standa en það getur bæði verið tímafrekt að ná slíku samkomulagi og eins býður slíkt samráð þeirri hættu heim að þegar sátt er fengin standi eftir harla innihaldslítt texti.

Við gerð Pekingáætlunarinnar var unnið á hefðbundinn hátt, þó þannig að þegar sýnt þótti að einungis örfá ríki væru andsnúin tilteknum texta var aðildarríkjunum boðið upp á að gera við hann fyrirvara frekar en að textanum væri breytt þannig að allir gætu fellt sig við hann. Með þessum hætti fengust afdráttarlausari ákvæði í áætlunina og einnig lá þá fyrir hvaða aðildarríki skorðust undan að framkvæma tilteknar greinar hennar. Af hálfu íslenskra stjórnvalda voru ekki gerðir fyrirvarar við Pekingáætlunina.

Sameinuðu þjóðirnar hafa ekki yfirþjóðlegt vald og setur það stofnuninni vissulega skorður hvað varðar kröfur á hendur ríkjum um að þau standi við gerðar samþykktir. Stofnunin getur þó beitt ýmsum aðferðum við að fylgja eftir slíkum samþykktum í aðildarríkjunum. Framkvæmd Pekingáætlunarinnar er fylgt eftir af kvennanefnd Sameinuðu þjóðanna. Kvennanefndin heldur árlega opna fundi með öllum aðildarríkjunum og frjálsum félagasamtökum sem öðlast hafa ráðgjafastöðu hjá stofnuninni. Þar er kallað eftir upplýsingum og lagt á ráðin um framkvæmd Pekingáætlunarinnar hjá aðildarríkjunum og stofnunum Sameinuðu þjóðanna.

## Pekingáætlunin <sup>1</sup>

Pekingáætlunin er mikil að vöxtum og um hana er erfitt að fjalla í fáum orðum þannig að einhver mynd verði á. Í stuttu máli má þó segja að þrátt fyrir málalengingar og tyrfinn texta sé þar að finna margt sem að gagni geti komið í jafnréttis- og kvenfrelsisbaráttu um heim allan. Leiðarljós hennar er að sjónarmið jafnréttis verði fléttað inn í alla þætti stefnumörkunar, ákvarðana og aðgerða. Þá er rík áhersla lögð á að konur fái notið mannréttinda í hvívetna sem fullgildir samfélagsþegnar. Bent er á að jafnrétti verði ekki náð með stjórnvaldsaðgerðum einum saman, en þó séu slíkar aðgerðir nauðsynleg forsenda fyrir jöfnum rétti og jafnri stöðu kynjanna. Nauðsynlegt sé að margir leggist þar á eitt karlar ekki síður en konur, enda muni allir hafa hag af auknu jafnrétti.

Pekingáætlunin var unnin á þriggja ára tímabili og þannig að verki staðið að fyrst var heimsbyggðinni skipt í fjögur svæði eftir heimsálfum og menningarsvæðum. Á sérhverju þessara svæða var gengið frá tillögu að framkvæmdaáætlun. Framkvæmdastjórn ráðstefnunnar vann síðan úr tillögunum drög að sameiginlegri áætlun, sem rædd var á

<sup>1</sup> Sameinuðu þjóðirnar hefa gefið Pekingáætlunina út á bók ásamt yfirlýsingu ráðstefnunnar. Heiti bókarinnar er: Platform for Action and the Beijing Declaration, United Nations, Department of Public Information, New York, 1996.





undirbúningsráðstefnu allra aðildarríkja Sameinuðu þjóðanna í New York vorið 1995. Þar kom í ljós að réttindabarátta kvenna er háþólitískt mál, því barist var um hvert orð áætlunarinnar. Fundurinn stóð í fjórar vikur og fundað var frá morgni og fram á miðja nótt. Samt sem áður var í fundarlok enn ágreiningur um þriðjung áætlunarinnar. Sumarið sem í hönd fór var notað til óformlegra samningaviðræðna sem skiluðu verkinu það vel á veg að á ráðstefnunni í Peking var framkvæmdaáætlunin samþykkt nánast samhljóða. Örfá ríki gerðu fyrirvara við einstaka greinar hennar. Íslensk stjórnvöld gerðu ekki fyrirvara við áætlunina og hafa því með samþykki sínu einsett sér að framfylgja henni fyrir sitt leyti.

Pekingáætlunin skiptist í eftirfarandi sex meginkafla:

1. Yfirlýsing framkvæmdanefndar S.þ.
2. Aðdragandi ráðstefnunnar og aðstæður í heiminum.
3. Aðkallandi málaflokkar.
4. Skilgreiningar á viðfangsefnum og aðgerðaáætlun í sérhverjum málaflokki.
5. Stofnanir
6. Fjármögnun

Megintexti áætlunarinnar er í þriðja og fjórða kafla hennar. Mikilvægustu málaflokkarnir eru skilgreindir í þriðja kaflanum en í fjórða kaflanum er farið á skipulegan hátt í gegnum alla málaflokkana, markmið skilgreind, áætlanir gerðar um hvernig bregðast þurfi við og hvaða aðilar í samfélaginu eða á alþjóðlegum vettvangi þurfi að koma þar að verki.

Málaflokkarnir sem um er fjallað í Pekingáætluninni eru:

- A. Konur og fátækt
- B. Menntun kvenna
- C. Konur og heilsufar
- D. Ofbeldi gegn konum
- E. Konur og vopnuð átök
- F. Konur og efnahagsmál
- G. Konur við stjórnvölinn
- H. Stofnanir sem vinna að framgangi kvenna
- I. Mannréttindi kvenna
- J. Konur og fjölmiðlar
- K. Konur og umhverfið
- L. Stúlkubörn og unglingsstúlkur

Pekingáætlunin er ekki gallalaus, en í henni er sannarlega að finna margt sem að gagni kann að koma til að ná þeim markmiðum sem íslensk stjórnvöld hafa sétt sér í jafnréttismálum og einnig er þar margt að finna sem gagnast getur öðrum en stjórnvöldum í jafnréttisbaráttunni.



Á ráðstefnu S.þ. um málefni kvenna, í Peking, var lögð áhersla á að aðildarríkin gæfu út sína eigin framkvæmdaáætlun þar sem tíunduð væru þau verkefni Pekingáætlunarinnar sem væri hvað mest aðkallandi að vinna að í viðkomandi ríki. Félagsmálaráðherra skipaði í þessu skyni nefnd fulltrúa allra ráðuneyta og Jafnréttisráðs sem falið var að velja greinar úr áætluninni. Ákveðið var að einskorða íslensku útgáfuna við fjórða kafla áætlunarinnar en þar eru eins og áður sagði markmið sett, verkefni skilgreind og leiðir til úrbóta varðaðar.

Félagasamtökum og hagsmunahópum, sem sérstaklega hafa látið sig varða jafnréttismál og réttindi kvenna og sýndu undirbúningi ráðstefnunnar áhuga var boðið að gera athugasemdir við val nefndarinnar á greinum áætlunarinnar. Af þeirra hálfu var óskað eftir að greinunum í íslensku útgáfunni væri fjölgað og var orðið við öllum slíkum óskum. *Pekingáætlunin á Íslandi - útdráttur úr framkvæmdaáætlun ráðstefnu Sameinuðu þjóðanna um málefni kvenna, Peking 4.-15. september 1995 er því afrakstur samstarfs stjórnvalda, félagasamtaka og hagsmunasamtaka.*

# KONUR OG FÁTÆKT



Nauðsynlegt er að endurskoða eða taka upp heildarstefnu í efnahags- og þróunarmálum sem beinist að þörfum fátækra kvenna og viðleitni þeirra til að bæta kjör sín.

## Aðgerðir til úrbóta.

58.

b. Stjórnvöld skulu láta gera úttekt á stefnu og áætlunum stjórnvalda með hagsmuni beggja kynja að leiðarljósi. Þetta á meðal annars við um stefnu og áætlanir er varða stöðugleika í þjóðarbúskapnum, aðlögun vegna skipulagsbreytinga í efnahagsmálum, vanda vegna erlendra skulda, skattamál, fjárfestingar, atvinnu- mál, markaðsmál og aðra atvinnuvegi sem koma við sögu. Í því sambandi þarf að huga að áhrifum opinberrar stefnu og áætlana á fátækt og ójöfnuð, sérstaklega á kjör kvenna. Ennfremur þarf að meta hvaða áhrif stefna og áætlanir hins opinbera hafa á velferð og aðstæður fjölskyldna. Mikilvægt er að móta þessar áætlanir, eftir því sem unnt er, þannig að þær leiði af sér réttlátari skiptingu atvinnutækja og auðs í þjóðfélaginu auk sanngjarnari skiptingar tækifæra, tekna og samfélagsþjónustu.

c. Stjórnvöld skulu eiga frumkvæði að efnahagsstefnu sem hefur hagstæð áhrif á atvinnu og tekjur kvenna, jafnt á hinum formlega vinnumarkaði sem hinum óformlega. Þarf í því tilliti að grípa til sértækra ráðstafana til þess að takast á við atvinnuleysi kvenna, einkum og sér í lagi þeirra kvenna sem búa við langvarandi atvinnuleysi.

60. Framlag innlendra og alþjóðlegra frjálsra félagasamtaka og samtaka kvenna:

e. Innlend og alþjóðleg félagasamtök og kvennasamtök verða að leggja sitt af mörkum í samvinnu við stjórnvöld, atvinnurekendur og aðra þá samstarfsaðila í þjóðfélaginu sem málið varðar til að móta stefnu í menntunarmálum. Slík stefna lýtur jafnt að menntun, endurmenntun og þjálfun sem tryggir að konur geti aflað sér margbreytilegrar kunnáttu til að koma til móts við þær kröfur sem atvinnulíf nútímans gerir.


Þróa verðulegrannsóknir um lífsgættis- og kynlífs-  
míð af kynlífs- og sturðlegrannsóknir  
vaxandi fátækt meðal kvenna.

## Aðgerðir til úrbóta

68. Framlag innlendra og alþjóðlegra hagskýrslustofnana:

Innlendar og alþjóðlegar hagskýrslustofnanir eiga að afla gagna um fátækt auk upplýsinga sem gefa til kynna kyn- og aldursskiptingu í allri atvinnuþátt-  
töku. Jafnframt þurfa þessar stofnanir að koma upp hagtoluvísunum þar sem  
notast er við gögn sem gefa upplýsingar um bæði efnislega þætti og tölulegar  
stærðir. Með því móti ætti að reynast auðveldara að meta afkomu fólks með  
hliðsjón af stöðu beggja kynja.

Leita þarf hentugri leiða við hagskýrslugerð til að  
draga fram í dagsljósið allt hið margþætta vinnu-  
framlag kvenna til þjóðarþúsins, þar á meðal  
framlag þeirra við ólaunuð störf og heimilisstörf.  
Ennfremur verði rannsókuð tengslin milli ólaunaðra  
starfa kvenna og þess hve fátækt er útbreidd meðal  
þeirra og hve hætt konum er við að verða ofurseldar  
fátækt.




## MENNNA- OG MENNTAMÁL

### Aðgerðir til úrbóta

84. Framlag stjórnvalda, styrktarsjóða, einkafyrirtækja og félagasamtaka eftir því sem við á:

Leggja skal áherslu á, m.a. með auknum fjárveitingum, að styrkja þann þátt skólastarfs sérstaklega sem snýr að kennslu í stærðfræði, raunvísindum og tölvutækni og auka með því tækifæri kvenna og stúlkna til að mennta sig fyrir störf á öllum sviðum atvinnulífsins.



Einnig skal leggja áherslu á að fylgjast með og meta árangur umbóta í menntakerfinu, m.a. með tilliti til jafnréttis kynjanna.

Athugasemd fulltrúa menntamálaráðuneytis í nefnd félagsmálaráðherra:

Íslensk lög um skólastarf leggja sérstaka áherslu á jafnrétti til náms, ekki einungis jafnrétti kynjanna heldur allra einstaklinga. Það skýrir hve stuttlega er vikið að menntun kvenna í útdrættinum. Í kafla Pekingáætlunarinnar um menntun kvenna eru talin upp sex meginmarkmið, sem nást skuli í kjölfar áætlunarinnar. Á Íslandi hefur fimm þessara meginmarkmiða verið náð a.m.k. formlega og það sjötta, sem merkt er B.5 í áætluninni (hér „stuðla skal að umbótum í menntakerfinu, fylgjast með framkvæmd þeirra og sjá til þess að nægir fjármunir og mannaflí sé til staðar“) á ekki nema að litlu leyti við um íslenskar aðstæður.

## KONUR OG HEILSUFAR



92. Tryggja verður rétt kvenna til jafns við karla til bættrar heilsu á öllum skeiðum ævinnar. Margir sjúkdómar og kvillar leggjast jafnt á konur og karla en reynsla kvenna af þeim er oft á annan veg en karla.
96. Í mannréttindum kvenna er fólgin rétturinn til þess að ráðstafa og taka ákvarðanir í málum sem lúta að kynferði þeirra. Þetta atriði snýst um réttinn til að ráða sér sjálfar í því sem lýtur að kynlífi og barneignum án þess að sæta þvingunum, mismunun eða ofbeldi. Í samskiptum karla og kvenna sem byggð eru á jafnréttisgrundvelli verður meðal annars að gera kröfu um fulla virðingu fyrir því að sérhver manneskja ræður yfir eigin líkama, en einnig byggja þau á gagnkvæmri virðingu, samþykki og sameiginlegri ábyrgð kvenna og karla á kynlífshegðun sinni og afleiðingum hennar.
100. Meðal þeirra heilsufarsmála sem konur hafa vaxandi áhyggjur af eru geðtruflanir sem setja má í samband við áhrifaleyfi þeirra í samfélaginu, fátækt og valdaleysi. Hér kemur fleira til, svo sem of langur vinnutími, streita og vaxandi tíðni heimilisofbeldis auk misnotkunar ávana- og fíkniefna. Konur um heim allan, einkum ungar konur, neyta tóbaks í auknum mæli, en það hefur alvarleg áhrif á heilsufar þeirra og barna þeirra. Vinnuverndarmálefni eru einnig að verða sífellt mikilvægari þar sem fjölmargar konur vinna láglounastörf, ýmist á hinum formlega eða óformlega vinnumarkaði, við heilsuspillandi aðstæður og fer þessum konum fjölgandi. Brjóstá- og leghálskrabbamein auk annarra tegunda krabbameins í æxlunarkerfi, svo og ófrjósemi, hrjá stöðugt fleiri konur, en þessa sjúkdóma má ef til vill koma í veg fyrir eða lækna ef þeir uppgötvast nægilega fljótt.
101. Samfara hærri dánaraldri kvenna fjölgar eldri konum innan samfélagsins og þarf að beina athyglinni sérstaklega að heilsufari þeirra. Þegar til langs tíma er litið hafa tíðahvörf áhrif á heilbrigðishorfur kvenna á síðari hluta ævinnar. Þannig eykst hættan á æðasjúkdómum og beinþynningu í kjölfar tíðahvarfa, en þessir kvillar bætast við aðra aldurstengda kvilla sem og ýmsa aðra heilsuskerðandi þætti, svo sem lélega næringu og skort á hreyfingu. Þá þarf ekki síður að beina sjónum að öðrum öldrunarsjúkdómum og tengslum öldrunar og fötlunar meðal kvenna.

104. Iðulega er gögnum um heilsufar hvorki safnað á kerfisbundinn hátt né þau flokkuð eftir aldri, kyni eða þjóðfélagsstétt. Þá vantar einnig á að slík gögn séu flokkuð eftir öðrum viðurkenndum flokkunaratriðum sem tíðkast við gerð mannfjöldatalna. Í mörgum löndum eru hvorki til nýleg og áreiðanleg gögn um dánartíðni og sjúkdómatíðni kvenna né kvilla og sjúkdóma sem leggjast sérstaklega á konur. Tiltölulega lítið er vitað um hvaða áhrif félagslegir og efnahagslegir þættir hafa á stúlkur og konur á öllum aldri, hvaða heilbrigðisþjónustu stúlkur og konur njóta og hvernig þær nýta sér þá þjónustu. Gildi sjúkdómsforvarna og heilsueflingar í þágu kvenna hefur heldur ekki verið rannsakað né heldur aðrir þættir sem skipta heilsufar kvenna miklu. Ástæðan er oft á tíðum skortur á fjármagni til rannsókna á heilsufari kvenna. Læknisfræðilegar rannsóknir í mörgum löndum, t.d. á hjartasjúkdómum, eru oft einvörðungu byggðar á athugunum á körlum og faraldsfræðilegar rannsóknir eru yfirleitt heldur ekki kyngreindar. Athygli vekur hversu lítið er um að konur taki þátt í klínískum tilraunum sem gerðar eru til að fá grundvallarupplýsingar um stærð lyfjaskammta, aukaverkanir og virkni lyfja, meðal annars getnaðarvarnalyfja, en slíkar tilraunir uppfylla ekki alltaf þær siðareglur sem gilda um rannsóknir og tilraunir. Margs konar lyfjameðferð og annars konar læknis-meðferð auk aðgerða á konum byggjast á rannsóknum sem gerðar hafa verið á körlum einum án þess að nokkrar frekari athuganir hafi verið gerðar vegna mismunar kynjanna.

**Veita þarf konum frá vöggju til grafar greiðari aðgang að fyrsta flokks heilsugæslu gegn viðráðanlegri þóknun og jafnframt aðgang að fræðslu og skyldri þjónustu.**

### Aðgerðir til úrbóta

106.

- f. Stjórnvöld skulu, í samvinnu við frjáls félagasamtök og aðila vinnumarkaðarins og með stuðningi alþjóðastofnana, endurskipuleggja fræðslu um heilsufar, heilbrigðisþjónustuna sjálfa og þjálfun starfsfólks í heilbrigðisþjónustu þannig að á öllum þessum sviðum verði tekið tillit til ólíkra þarfa og reynslu kvenna og karla. Í slíkri endurskipulagningu verður að taka mið af viðhorfum þeirra sem eiga að njóta þjónustunnar og gera verður kröfur um kunnáttu starfsfólks í mannlegum tengslum og samskiptum þannig að það taki tillit til einkalífs skjólstæðinga sinna og gæti þagnarskyldu. Verður að gæta þess að í slíkri þjónustu, fræðslu og þjálfun verði heildræn viðhorf til manneskjunnar látin sitja í fyrirrúmi.

- d. Þá verður að innlima geðheilbrigðisþjónustu í almenna heilsugæsluþjónustu eða í þjónustu á öðrum stigum eftir því sem við á. Einnig skal koma á lagginnar stuðningskerfi og þjálfar starfsfólk í heilsugæslu í því að bera kennsl á og hlynnast að stúlkum og konum sem hafa orðið fyrir einhvers konar ofbeldi, einkum heimilisofbeldi, kynferðislegri misnotkun eða annars konar misnotkun vegna vopnaðra eða óvopnaðra átaka.
- v. Ennfremur ber að veita konum, sem neyta ávana- og fíkniefna, aukinn aðgang að viðeigandi meðferð og endurhæfingarþjónustu og hið sama þarf að gilda um fjölskyldur þeirra.

Taka þarf frumkvæði til að vinna gegn kynsjúkdómum, HIV-smiti/eyðni og sinna heilsufarslegum þáttum sem tengjast kynlífi og barneignum þar sem fullt tillit er tekið til ólíkra þarfa kynjanna.

### Aðgerðir til úrbóta

- 108. Framlag stjórnvalda, alþjóðlegra stofnana, þar á meðal viðeigandi stofnana Sameinuðu þjóðanna og hvers konar frjálsra félagasamtaka:
  - i. Semja skal fræðsluáætlanir sem sérstaklega eru sniðnar að þörfum karla á öllum aldri og unglingspilta. Slíkar áætlanir verða að taka mið af foreldrahlutverki karla og vera þannig úr garði gerðar að veita þeim tæmandi og nákvæma fræðslu um örugga og ábyrga hegðun í sambandi við kynlíf og getnað. Í því felst meðal annars að veita fræðslu um þær aðferðir sem karlar geta sjálfviljugir beitt með góðum árangri til þess að koma í veg fyrir HIV-smit/eyðni og aðra kynsjúkdóma, svo sem kynlífsbindindi og notkun smokka.

Stuðla ber að rannsóknum og miðla fræðslu um heilsufar kvenna.

### Aðgerðir til úrbóta

- 109. Framlag stjórnvalda, Sameinuðu þjóðanna, sérmenntaðra heilbrigðisstétta, rannsóknarstofnana, frjálsra félagasamtaka, styrktaraðila, lyfjaiðnaðarins og fjölmiðla eftir því sem við á:
  - b. Stuðla skal að rannsóknum á heilsufari fólks sem taka mið af ólíkum þörfum



og mismun kynjanna og beinast að konum sérstaklega. Ennfremur skal rannsaka meðferð og tækni með sömu formerkjum. Þá skal leitast við að tengja saman gamalgróna, innlenda þekkingu og nútímalæknisfræði og koma fræðslu um það á framfæri við konur þannig að þær geti tekið ákvarðanir byggðar á þekkingu og ábyrgð.

Til þess að jafnrétti náist sem fyrst skal einnig fjölga konum í ábyrgðar- og forystustöðum meðal sérmenntaðs fólks í heilbrigðisstéttum, ekki síst í hópi þeirra sem stunda rannsóknir og meðal vísindamanna.



Auka skal fjárhagslegan sem og allan annan stuðning við rannsóknir vegna forvarna, þar á meðal þeim líflæknisfræðilegu, atferlislegu og faraldsfræðilegu þáttum sem máli skipta. Sama á við um rannsóknir á heilbrigðisþjónustunni sjálfri, einkum að því leyti sem snertir heilsufar kvenna. Einnig skal styðja rannsóknir á orsökum hvers kyns heilsuvandamála kvenna og afleiðingum þeirra, en mikilvægt er að skoða hvort tveggja í ljósi stjórnmalalegra, félagslegra og efnahagslegra þátta. Í því samhengi þarf að rannsaka hvaða áhrif ójöfn staða kvenna af völdum kynferðis og aldurs hefur á heilsufar þeirra. Þetta á einkum og sér í lagi við um rannsóknir á langvinnum sjúkdómum, sérstaklega hjarta- og æðasjúkdómum sem og krabbameini, en einnig rannsóknir á sýkingum og meiðslum í fæðingarvegi, HIV-smiti/eyðni og öðrum kynsjúkdómum, heimilis- ofbeldi, atvinnusjúkdómum, fötlun, heilsutjóni sem tengist umhverfispáttum, hitabeltissjúkdómum og öldrunarsjúkdómum.

Koma skal á laggirnar skipulagi þannig að unnt verði að leggja mat á niðurstöður rannsókna og dreifa þeim til sérmenntaðra heilbrigðisstétta og kvenna-hópa, meðal annars til þeirra sem stunda rannsóknir eða ráða einhverju um stefnumótun.

## OFBELDI GEGN KONUM



112. Ofbeldi gegn konum er hindrun í vegi þess að markmiðin um jafnrétti, þróun og frið verði að veruleika. Ofbeldi gegn konum gerir hvort tveggja í senn að ganga á rétt kvenna og rýra eða gera að engu möguleika þeirra til að njóta mannréttinda sinna og grundvallarfrelsis. Það er öllum ríkjum áhyggjuefni að um langan aldur hefur hvorki tekist að vernda þessi réttindi né vinna þeim brautargengi þegar ofbeldi gegn konum er annars vegar og er ljóst að snúast verður gegn þessum vanda. Í kjölfar Nairóbi-ráðstefnunnar sem haldin var árið 1985 hefur þekkingu fleygt fram á orsökum og afleiðingum ofbeldis gegn konum svo og útbreiðslu þess og aðgerðir verið eflaðar til að berjast gegn því. Konur og stúlkur sæta líkamlegu, kynferðislegu og andlegu ofbeldi að meira eða minna leyti í öllum þjóðfélögum og í því efni er ekki spurt um tekjur, stétt eða menningu. Hin lága þjóðfélagslega og efnahagslega staða kvenna getur bæði verið orsök og afleiðing ofbeldis gegn þeim.
113. Hugtakið „ofbeldi gegn konum“ merkir hvers konar ofbeldisverknað sem á rætur í kynferði og veldur konum líkamlegum, kynferðislegum og/eða andlegum skaða eða þjáningu eða gæti gert það. Hugtakið nær einnig yfir hótanir um slíkan verknað, svo og gerræðislega þvingun eða frelsissviptingu, hvort sem er á opinberum vettvangi eða í einkalífi. Samkvæmt þessu felur ofbeldi gegn konum í sér eftirfarandi þætti en takmarkast þó ekki eingöngu við þá:
- Líkamlegt, kynferðislegt og andlegt ofbeldi innan fjölskyldunnar, svo sem barsmíðar, kynferðisleg misnotkun á stúlkum innan veggja heimilis, ofbeldi tengt heimanmundi, nauðgun í hjónabandi, limlesting á kynfærum kvenna og aðrar siðvenjur sem skaða konur, ofbeldi af hendi annars en maka og ofbeldi í gróðaskyni.
  - Líkamlegt, kynferðislegt og andlegt ofbeldi úti í samfélaginu, meðal annars nauðgun, kynferðisleg misnotkun, kynferðisleg áreitni og hótanir á vinnustað, í skólum og annars staðar, svo og verslun með konur og þvingun til vándis.
  - Líkamlegt, kynferðislegt og andlegt ofbeldi af völdum ríkisins eða framið með vitorði þess, hvar svo sem það á sér stað.
117. Ofbeldi eða hótanir um ofbeldi, hvort sem það á sér stað inni á heimilum, úti í samfélaginu, af völdum ríkisins eða með vitorði þess, valda konum ótta og

öryggisleysi. Ofbeldi stendur einnig í vegi fyrir því að jafnrétti kynjanna komist á og hamlar þróun og friði. Óttinn við ofbeldi og áreitni setur konum varanlegar skorður, takmarkar aðgang þeirra að auðlindum samfélagsins og kemur í veg fyrir hversdagslegustu og sjálfsögðustu athafnir í daglegu lífi þeirra. Annar fylgifiskur ofbeldis gegn konum er umfangsmikill kostnaður, hvort sem er fyrir einstaklinga eða þjóðfélagið, ekki síst á heilbrigðissviðinu. Ofbeldi gegn konum er eitthvert áhrifamesta tæki í samfélaginu til þess að knýja konur til undirgefni við karla og þar með skipa þeim skör lægra en körlum. Í mörgum tilvikum er ofbeldi gegn konum og stúlkum framið innan fjölskyldunnar eða innan veggja heimilisins þar sem ofbeldið er iðulega látið viðgangast. Oft er látið hjá líða að tilkynna um vanrækslu, líkamlegt og kynferðislegt ofbeldi og nauðganir fjölskyldumeðlima eða annarra heimilismanna á stúlkubörnum og konum, svo og misnotkun af hendi eiginmanns eða annarra, og því er erfitt að komast að því þegar slíkt gerist. Jafnvel þegar þess háttar ofbeldi er tilkynnt verður oft misbrestur á að fórnarlömb njóti verndar eða þeir sem ofbeldinu beita hljóti refsingu.

118. Ofbeldi gegn konum er raunverulegur vottur um hin ójöfnu valdahlutföll milli karla og kvenna í aldanna rás sem hafa valdið því að karlar drottna yfir konum og viðhalda mismunun kynjanna. Þessi ójöfnuður kemur í veg fyrir að konur sækji fram á við af fullum þunga. Ofbeldi gegn konum á öllum aldri á fyrst og fremst rætur að rekja til menningarlegra þátta, einkum skaðlegra áhrifa frá ákveðnum hefðum og siðvenjum sem og alls kyns ofstæki í verki sem tengist kynþætti, kynferði, tungumáli eða trúarbrögðum. Allt viðheldur þetta hinum óæðri sessi sem konum er ætlaður í fjölskyldunni, á vinnustað, í nánasta umhverfi og þjóðfélaginu í heild. Þjóðfélagslegur þrýstingur gerir ofbeldi gegn konum enn erfiðara viðureignar, einkum skömmin sem fylgir því að fordæma viss ódæðisverk sem hafa verið framin gegn konum. Það hefur einnig áhrif í þessu efni að konur skortir aðgang að lagalegum upplýsingum, gjafsókn eða lagalegri vernd. Þau lög eru ekki til sem gagngert banna ofbeldi gegn konum, gildandi lög eru ekki færð til betri vegar og stjórnvöld beita sér ekki nægilega fyrir því að efla vitund fólks um gildandi lög né fylgja þeim eftir. Engar leiðir til þess að ráðast að orsökum og afleiðingum ofbeldis eru tiltækar, hvorki í skóla-kerfinu né annars staðar. Myndir í fjölmiðlum af ofbeldi gegn konum stuðla að áframhaldandi útbreiðslu ofbeldis og hefur neikvæð áhrif í samfélaginu í heild, einkum á börn og ungt fólk. Hér er einkum um að ræða myndir sem sýna nauðganir og kynlífsþrælkun kvenna auk mynda sem sýna konur og stúlkur sem kynvarning, þar með taldar klámmyndir.

119. Nauðsynlegt er að þróa heildræn og þverfagleg viðhorf til þess brýna verkefnis að útrýma ofbeldi gegn konum innan fjölskyldu, nánasta umhverfis og ríkis, en slíkt er vel framkvæmanlegt. Hafa verður jafnrétti, jafnræði kynjanna og

virðingu fyrir mannlegri reisu að leiðarljósi í félagsmótun einstaklinga á öllum stigum uppeldis. Skólakerfinu ber að stuðla að sjálfsvirðingu, gagnkvæmri virðingu og samvinnu kvenna og karla.

120. Skortur á kyngreindum gögnum og hagtölum um útbreiðslu ofbeldis gerir erfitt um vik að skipuleggja áætlanir og fylgjast með breytingum. Heimilis- ofbeldi, kynferðisleg áreitni og ofbeldi gegn konum í einkalífi og á opinberum vettvangi, meðal annars á vinnustöðum, er ýmist alls ekki skráð eða þá skráð á ófullnægjandi hátt. Stendur þetta í vegi fyrir tilraunum til að móta markvissar leiðir til að hafa afskipti af slíkum málum. Reynslan í mörgum löndum sýnir að unnt er að virkja konur og karla til að sigrast á ofbeldi í hvaða mynd sem er og grípa til árangursríkra opinberra aðgerða í því skyni að takast á við orsakir og afleiðingar ofbeldis. Karlahópar sem vinna gegn kynferðisbundnu ofbeldi eru nauðsynlegir bandamenn til að koma á breytingum.
123. Þegar stjórnvöld og aðrir aðilar ráðast til atlögu við ofbeldi gegn konum ber þeim að hafa að leiðarljósi þá stefnu að gæta í hvívetna sjónarmiða kynjanna í allri stefnumótun og áætlunum á virkan og augljósan hátt þannig að áður en ákvarðanir eru teknar fari fram úttekt á áhrifum þeirra, annars vegar á konur og hins vegar á karla.

Grípa verður til samræmdra aðgerða til að koma í veg fyrir og útrýma ofbeldi gegn konum.



### Aðgerðir til úrbóta

- 124.
- a. Stjórnvöldum ber að fordæma ofbeldi gegn konum og forðast að skírskota til nokkurrar siðvenju, hefðar eða trúarlegs atriðis í því skyni að víkja sér undan skuldbindingum um að útrýma ofbeldi, svo sem kveður á um í Yfirlýsingunni um útrýmingu ofbeldis gegn konum.
- d. Stjórnvöld skulu beita sér fyrir setningu laga sem kveði á um útrýmingu ofbeldis gegn konum, framfylgja lögnum og endurskoða þau reglulega auk þess að gera á þeim úttekt til þess að tryggja að þau hafi tilætluð áhrif. Leggja ber áherslu á að lögin komi í veg fyrir ofbeldi og kveði á um málssókn á hendur þeim sem gerast sekir um ofbeldi. Ennfremur skal grípa til aðgerða til að tryggja vernd þeirra kvenna sem sæta ofbeldi, tryggja þeim aðgang að sanngjörnum og skilvirkum úrræðum, meðal annars rétt til skaðabóta auk aðhlynningar. Einnig þarf að tryggja að þeir sem beita ofbeldi fái viðeigandi aðstoð.

g. Stjórnvöld skulu beita sér fyrir þeirri stefnu að hafa sjónarmið kynjanna að leiðarljósi í allri stefnumótun og áætlunum sem tengjast ofbeldi gegn konum. Ber að styðja og ýta á virkan hátt undir aðgerðir og áætlanir til að efla þekkingu og skilning þeirra sem eiga að framfylgja þessari stefnu á orsökum og afleiðingum ofbeldis gegn konum. Í þeirra hópi eru lögregluþjónar og annað starfsfólk lögreglu, þeir sem starfa við dómstóla, í heilbrigðisþjónustu og við félagsráðgjöf auk þeirra sem sinna málefnum minnihlutahópa, innflytjenda og flóttamanna. Einnig skal þróa markvissar leiðir sem tryggja að konur, sem eitt sinn hafa orðið fyrir ofbeldi, þurfi ekki að þola ofbeldi á nýjan leik vegna þess að löggjöf eða viðtekin vinnubrögð við meðferð mála fyrir dómstólum eða fullnustu laganna taka ekki tillit til mismunar kynjanna.

h. Stjórnvöld skulu sjá til þess að konur sem sæta ofbeldi eigi aðgang að sanngjörnum og skilvirkum réttarúrræðum lögum samkvæmt vegna þess skaða sem þær hafa orðið fyrir, m.a. greiðan aðgang að dómstólunum. Einnig þarf að fræða konur um rétt þeirra til skaðabóta og annarra úrræða.

k. Stjórnvöld skulu grípa til allra viðeigandi ráðstafana, einkum á sviði menntunar, til þess að breyta félagslegu og menningarlegu hegðunarmynstri karla og kvenna auk þess að útrýma fordómum, siðvenjum og öllum öðrum venjum sem byggja á hugmyndum um að annað kynið sé hinu óæðra eða æðra og á stöðluðum úreltum hugmyndum um hlutverk karla og kvenna.

o. Stjórnvöld skulu beita sér fyrir lagasetningu þar sem nauðsyn ber til og efla framkvæmd gildandi laga sem refsa lögreglu, öryggissveitum og hverjum öðrum fulltrúum ríkisvaldsins sem við skyldustörf sín beita konur ofbeldi. Einnig þarf að endurskoða gildandi löggjöf og grípa til skilvirkra aðgerða gegn þeim sem gerast sekir um slíkt ofbeldi.

125. Framlag stjórnvalda, stofnana, styrktarsjóða, einkafyrirtækja og félagasamtaka eftir því sem við á:

g. Skipuleggja og fjármagna fræðsluherferðir og áætlanir um menntun og þjálfun í því skyni að vekja athygli stúlkna og drengja, kvenna og karla á skaðlegum áhrifum heimilisofbeldis og ofbeldis í samfélaginu á einkalíf fólks og samfélagið sjálft. Jafnframt skal kenna þeim að eiga samskipti án ofbeldis og stuðla að því að fórnarlömb ofbeldis og hugsanleg fórnarlömb ofbeldis fái þjálfun þannig að þau geti varið sig og aðra gegn slíku ofbeldi.

h. Dreifa upplýsingum um þá aðstoð sem konum og fjölskyldum er sæta ofbeldi stendur til boða.


- Efla vitund og skilning fjölmiðla á þeirri ábyrgð sem á þeim hvílir að draga fram í dagsljósið mynd af konum og körlum í óhefðbundnum hlutverkum og einnig að þeir verði að útrýma framsetningu efnis í fjölmiðlum sem leiðir til ofbeldis. Jafnframt skal hvetja þá sem eru ábyrgir fyrir efni fjölmiðla til að setja faglegar viðmiðunarreglur og siðareglur auk þess að efla vitund þeirra og skilning á því mikilvæga hlutverki fjölmiðla að fræða og upplýsa almenning um orsakir og afleiðingar ofbeldis gegn konum og hvetja til opinberrar umræðu um það efni.
126. Framlag stjórnvalda, atvinnurekenda, stéttarféлага, æskulýðsfélaga og frjálsra félagasamtaka eftir því sem við á:
- Móta og fylgja eftir áætlunum og starfsháttum til að útrýma kynferðislegri áreitni og hvers kyns öðru ofbeldi gegn konum í skólum, vinnustöðum sem og annars staðar.
  - Móta og fylgja eftir áætlunum og starfsháttum til að fræða og efla vitund og skilning almennings á ofbeldi gegn konum, en það er glæpur og brot á mannréttindum kvenna.
  - Móta og fylgja eftir áætlunum um ráðgjöf, aðhlyningu og stuðning við stúlkur, unglingsstúlkur og ungar konur sem hafa átt í samböndum þar sem þær eru misnotaðar, einkum fyrir þær sem búa á heimilum eða stofnunum þar sem misnotkun á sér stað.

Rannsaka þarf orsakir og afleiðingar ofbeldis gegn konum og árangur forvarnaáðgerða.

### Aðgerðir til úrbóta

129. Framlag stjórnvalda, svæðisbundinna samtaka, Sameinuðu þjóðanna, annarra alþjóðlegra samtaka, rannsóknarstofnana, kvenna- og æskulýðssamtaka og frjálsra félagasamtaka eftir því sem við á:
- Stuðla skal að rannsóknum, safna gögnum og semja hagskýrslur, einkum um heimilisofbeldi og útbreiðslu ofbeldis í mismunandi myndum. Þá skal stuðla að rannsóknum á orsökum og afleiðingum ofbeldis gegn konum, eðli þess og grófleika og á árangri aðgerða sem ætlað er að koma í veg fyrir ofbeldi og ráða bót á afleiðingum þess.

- b. Dreifa niðurstöðum rannsókna og fræðilegra athugana sem víðast.
- c. Styðja og eiga frumkvæði að rannsóknum á áhrifum ofbeldis á konur og stúlkur, t.d. nauðgunar, og koma upplýsingum og hagtölum sem fást úr rannsóknunum á framfæri við almenning.



draga  
um og  
eiðir til  
ð setja  
rra og  
enning  
iberrar

frjálsra

vislegri  
n sem


nd og  
mann-

túlkur,  
er eru  
r sem

narra  
sa og

n um  
tuðla  
ss og  
di og

## KONUR OG VOPNUÐ ÁTÖK



133. Mannréttindabrot við aðstæður þar sem eiga sér stað vopnuð átök og á hernumdum svæðum eru brot á grundvallarreglum alþjóðalaga um mannréttindi og mannúð sem fólgin eru í alþjóðlegum samningum um mannréttindi og í Genfarsáttmálanum frá 1949 og viðbótarbókunum við hann. Enn eru framin gróf mannréttindabrot og stefnu þjóðernishreinsunar á stríðshrjáðum og hernumdum svæðum er fram haldið. Þetta framferði hefur meðal annars skapað straum flóttamanna og annars fólks sem hefur hrakist frá ættlöndum sínum og þarfnast alþjóðlegrar verndar, svo og fólks sem hefur hrakist frá heimkynnum í eigin landi, en meirihluti þeirra eru konur, unglingsstúlkur og börn. Fórnarlömb vopnaðra átaka úr röðum almennra borgara, aðallega konur og börn, eru oft fleiri en þeir sem særast og falla í bardögum. Ennfremur fá konur oft það hlutverk að hlúa að þeim sem hafa særst í bardögum og í öðrum vopnuðum átökum, jafnframt sem þeim er oft fyrirvaralaust varpað í það hlutverk að þurfa einar að veita heimili forstöðu, vera einstæðir foreldrar og annast aldraða ættingja.
134. Í heimi þar sem ríkir linnulaus óstöðugleiki og ofbeldi er brýn þörf á að hrinda í framkvæmd samstarfi um frið og öryggi. Til þess að viðhalda og efla frið og öryggi er nauðsynlegt að konur eigi jafnan aðgang að valdakærfinu og taki að fullu þátt í því. Ennfremur verða þær að geta tekið fullan þátt í sérhverri viðleitni til að koma í veg fyrir deilur og leysa úr þeim. Enda þótt konur séu farnar að gegna mikilvægu hlutverki í stofnunum sem hafa með höndum að leysa úr deilum, annast friðargæslu og varnir sem og í utanríkisþjónustu, er hlutur þeirra í ákvarðanatöku enn of lítill. Ef konur eiga að gegna hlutverki til jafns við karla í að tryggja og viðhalda friði, verða þær að fá stjórnmálaleg og efnahagsleg völd og eiga nægilega marga fulltrúa úr sínum röðum á öllum stigum ákvarðanatöku.
136. Konur og börn eru um það bil 80% af þeim milljónum flóttamanna og annarra sem hrakist hafa frá ættlöndum sínum eða frá heimkynnum í eigin landi. Þetta fólk getur átt á hættu að missa eignir sínar, líða skort á vörum og þjónustu og fá aldrei að snúa aftur til heimkynna sinna, en þar að auki býr það við ofbeldi og öryggisleysi. Í þessu samhengi ber að beina athyglinni sérstaklega að kynferðislegu ofbeldi gegn konum og stúlkum sem hafa flæmst frá heimkynnum sínum þar sem ofbeldi er notað sem ofsóknaraðferð í skipulögðum




herferðum sem hafa það markmið að ógna, skelfa og neyða fólk af tilteknu þjóðerni, menningu eða trúarbrögðum til að flýja heimili sín. Konur geta einnig neyðst til að flýja af rökstuddum ótta við ofsóknir af einhverjum þeim ástæðum sem eru taldar upp í Samningnum um stöðu flóttafólks frá 1951 og bókuninni við hann frá 1967, en þar á meðal eru ofsóknir með kynferðislegu ofbeldi eða annars konar ofsóknir tengdar kynferði þeirra. Flóttakonum í þeim löndum þar sem þær hafa leitað hælis og sest að stendur eftir sem áður ógn af ofbeldi og arðráni í nýjum heimkynnum og eins geta þær átt slíkt á hættu þegar verið er að koma þeim aftur til fyrri heimkynna og þegar því ferli er lokið. Í sumum löndum sem veita flóttakonum hæli reynist konum erfitt að öðlast viðurkenningu sem flóttamenn vegna þess að tilkall þeirra til stöðu flóttamannsins byggir á ofsóknum af þessu tagi.

139. Þegar vopnuð átök standa yfir og samfélög hrynja til grunna skiptir hlutverk kvenna sköpum. Konur vinna oft að því að varðveita skipulag samfélagsins meðan vopnuð átök eða önnur átök geisa. Oft leggja konur drjúgan skerf af mörkum til þess að uppfærða um frið innan eigin fjölskyldu og í samfélagi sínu enda þótt sá skerfur sé sjaldnast viðurkenndur.
140. Til þess að varanlegur friður komist á er nauðsynlegt að koma á menntun sem leggur rækt við menningu friðar þar sem réttlæti og umburðarlyndi til handa öllum þjóðum og þjóðarbrotum nýtur stuðnings og slíka menntun þarf að hefja á unga aldri. Slík menntun þarf að leiða til færni við að leysa úr deilum, miðla málum, draga úr fordómum og bera virðingu fyrir margbreytileika mannfólksins án ofbeldis.
141. Þegar stjórnvöld taka að vinna gegn vopnuðum átökum eða öðrum átökum ber þeim að hafa að leiðarljósi þá stefnu að gæta í hvívetna sjónarmiða kynjanna í allri stefnumótun og áætlunum á virkan og augljósan hátt þannig að áður en ákvarðanir eru teknar fari fram úttekt á áhrifum þeirra, annars vegar á konur og hins vegar á karla.

Stuðla ber að lausn deilumála án ofbeldis og draga úr tilvikum þar sem mannréttindi eru fótum troðin í átökum.

### Aðgerðir til úrbóta

- 144.
- a. Stjórnvöld skulu taka til athugunar fullgildinguna á eða aðild að alþjóðasamningum sem hafa að geyma ákvæði um vernd kvenna og barna í vopnuðum átökum, þar á meðal Genfarsáttmálann frá 1949 um vernd almennra borgara á stríðs-




tímum, viðbótarbókanir við Genfarsáttmálann frá 1949 um vernd fórnarlamba í vopnuðum milliríkjaátökum (Bókun I) og um vernd fórnarlamba í vopnuðum innanlandsátökum (Bókun II).

- b. Stjórnvöld skulu í einu og öllu virða reglur alþjóðalaga um að auðsýna manni-  
úð í vopnuðum átökum og gera allar nauðsynlegar ráðstafanir til þess að  
vernda konur og börn, einkum gegn nauðgun, þvingun til vændis og annars  
konar ósæmilegum árásum.


**Styðja skal við framlag kvenna í því að  
leggja rækt við menningu friðar.**

- d. Taka til athugunar að koma á fót námi fyrir stúlkur og drengi þar sem lögð er  
rækt við menningu friðar og er takmarkið að læra að leysa deilumál án ofbeldis  
og stuðla að umburðarlyndi.

**Konur í nýlendum og á svæðum sem ekki  
hafa stjórn í eigin málum skulu njóta  
aðstoðar.**



## KONUR OG EFNAHAGSMÁL



150. Töluverður munur er á tækifærum kvenna og karla til að beita áhrifum sínum á efnahagsmál og fjármál í eigin þjóðfélagi. Víðast hvar í heiminum eru mjög fáar konur, ef nokkrar, í stöðum þar sem teknar eru ákvarðanir í efnahagsmálum. Þetta á meðal annars við um stefnumótun í fjármálum, bankamálum og viðskiptum, ákvarðanatöku í skattamálum og þar sem samið er um laun. Ákvarðanir einstakra karla og kvenna um hvernig þau skipta tíma sínum milli launaðra og ólaunaðra starfa byggja iðulega að einhverju leyti á þeirri stefnu sem ríkir í þessum málaflokkum. Af þessum sökum hefur þróun skipulags og stefnu í efnahagsmálum bein áhrif á aðgang karla og kvenna að fjármagni, á efnahagsleg völd þeirra og þar af leiðandi hversu mikils jafnréttis þau njóta sem einstaklingar, innan fjölskyldu sinnar og í þjóðfélaginu í heild.

Stuðla ber að því að konur öðlist efnahagsleg réttindi og sjálfstæði, þar á meðal að þær fái greiðari aðgang að atvinnu, fái vinnuskilyrði við hæfi og öðlist stjórn yfir fjármagni.

## Aðgerðir til úrbóta

165.

- c. Stjórnvöld skulu útrýma mismunun sem viðgengst af hendi atvinnurekenda og gera viðeigandi ráðstafanir vegna þess hlutverks kvenna að ala börn og annast þau. Hér er t.d. átt við það þegar barnshafandi konum eða konum með barn á brjósti er meinuð atvinna, þeim sagt upp störfum af þeim sökum eða að atvinnurekandi krefst þess að kona færi sönnur á að hún noti getnaðarvarnir. Gera verður raunhæfar ráðstafanir til að tryggja að barnshafandi konum sé ekki mismunað, né heldur konum í fæðingarorlofi eða konum sem eru að koma aftur út á vinnumarkað eftir barnsburð.
- d. Stjórnvöld skulu leita leiða og beita sérstökum tímabundnum aðgerðum í þágu kvenna til að gera þeim kleift að taka fullan og jafnan þátt í að móta stefnu og skilgreina markmið á vegum aðila eins og fjármála- og viðskiptaráðuneyta, efnahagsnefnda á vegum ríkisins, rannsóknarstofnana um efnahagsmál og annarra lykilstofnana í þessu samhengi.

- g. Stjórnvöld skulu afla og miðla upplýsingum um ólaunaða vinnu annars vegar og launaða vinnu hins vegar. Leiðir að þessu markmiði geta falist í rannsóknum á gerð, umfangi og útbreiðslu ólaunaðrar vinnu, einkum vinnu við umönnun þeirra sem minna mega sín, við sveitabýli eigin fjölskyldu og eigin fjölskyldu-fyrirtæki. Þá skal stuðla að viðtækri kynningu á niðurstöðum rannsókna á þessu sviði sem leitt getur til aukinnar vitundar almennings á þessum störfum. Einnig þarf að þróa aðferðir til þess að meta gildi slíkrar vinnu í mælanlegum stærðum þannig að unnt verði að sýna hana í bókhaldsreikningum sem yrðu sérstaklega aðgreindir frá þjóðhagsreikningum en þó í fullu samræmi við þá.
- h. Stjórnvöld skulu láta endurskoða og breyta lögum um rekstur fjármála-stofnana til þess að tryggja að þær veiti konum og körlum þjónustu á sama grundvelli.
- j. Stjórnvöld skulu endurskoða og koma í framkvæmd stefnu á landsvísu sem styður hefðbundnar leiðir fyrir konur til sparnaðar og fjármögnunar.
- n. Stjórnvöld skulu koma á kerfi þar sem gert verði ráð fyrir að konur með eigin rekstur og konur sem starfa hjá öðrum geti lagt sitt af mörkum við stefnumótun og áætlanagerð sem fjármála- og viðskiptaráðuneyti auk fjármálastofnana eru með í undirbúningi.

Auðvelda þarf jafnan aðgang kvenna og karla að auðlindum, atvinnu, mörkuðum og verslun.

$$\left( \frac{1}{\lambda(E)} \int_{E_0}^E x^k dx \right)_{E \in \pi_k} = \lim_{E \in \pi_k} \int_{E_0}^E x^k dx$$

$$\sigma_k = \sum_{E \in \pi_k} \left( \frac{1}{\lambda(E)} \int_{E_0}^E x^k dx \right)$$

### Aðgerðir til úrbóta

166.

- a. Stjórnvöld skulu greiða götu sjálfstæðrar atvinnustarfsemi kvenna og þróunar smáfyrirtækja í þeirra eigu og efla aðgang kvenna að lánsfé og fjármagni á við-eigandi kjörum sem séu þau sömu og fyrir karla. Slíkt mætti framkvæma m.a. með því að auka veg stofnana sem helga sig sjálfstæðum atvinnurekstri kvenna. Getur það t.d. falist í því að efla veg óhefðbundinna lánsfjárleiða og samvinnufyrirkomulags um lánveitingar svo og að efla nýbreytni í myndun tengsla við fjármálastofnanir.
- b. Stjórnvöld skulu hafa forgöngu um að veita konum og körlum jöfn tækifæri á vinnumarkaði.
- d. Stjórnvöld skulu greiða götu og styrkja örmsá fyrirtæki, ný smáfyrirtæki, sam-

vinnufyrirtæki, útpenslu markaða og önnur atvinnutækifæri og gera konum auðveldar fyrir að flytjast úr hinum óformlega hluta atvinnulífsins yfir í hinn formlega, einkum til sveita.

a. Stjórnvöld skulu auka hlutfall kvenna í starfi opinberra ráðgjafa og í öðrum störfum hjá hinu opinbera sem veita tækniaðstoð eða stjórna áætlunarverkefnum á sviði atvinnu- og efnahagsmála.

b. Stjórnvöld skulu endurskoða opinbera stefnu, endurskilgreina hana ef þess reynist þörf og koma henni í framkvæmd. Er þetta gert í því skyni að tryggja að lög og reglur mismuni ekki örs máum, litlum og meðalstórum fyrirtækjum í eigu kvenna í dreifbýli og þéttbýli.

c. Stjórnvöld skulu láta gera úttekt á, veita ráðgjöf um, samhæfa og koma í framkvæmd stefnu þar sem þarfir og hagsmunir kvenna í launavinnu svo og sjálfstætt starfandi kvenna eru sjálfsgöður þáttur. Gildir það jafnt um stefnumótun, áætlunarverkefni og fjárhagsáætlanir sem gerð hafa verið fyrir sérstaka þætti atvinnulífsins og milli ráðuneyta.

d. Stjórnvöld skulu tryggja konum jafnan aðgang og körlum að skilvirkri starfsþjálfun, endurmenntun, ráðgjöf og ráðningaráþjónustu sem takmarkast ekki við hefðbundin starfssvið kynjanna.

167. Framlag stjórnvalda, opinberra og einkarekinna fjármálastofnanna eftir því sem við á:

a. Auka skal þátttöku kvenna, meðal annars sjálfstætt starfandi kvenna, í ráðgjafarnefndum og á öðrum opinberum vettvangi í því skyni að gera konum með eigin fyrirtækjarekstur og samtökum þeirra kleift að eiga aðild að mótun og endurskoðun á stefnu og áætlunum sem fjármála- og viðskiptaráðuneyti auk fjármálastofnana eru með í undirbúningi.

b. Virkja fjármálastofnanir til þess að auka lánveitingar og endurfjármögnun með hvetjandi aðgerðum. Jafnframt þarf að ýta undir þróun fjármála-fyrirtækja sem þjóna þörfum kvenna í fyrirtækjarekstri og framleiðslu, jafnt í dreifbýli og þéttbýli, auk þess að virkja þessa sömu aðila til að veita konum aðild að stjórnun, áætlanagerð og ákvarðanatöku.

c. Skipuleggja þjónustu fyrir konur sem fást við rekstur örs márra, lítilla og meðalstórra fyrirtækja í dreifbýli og þéttbýli. Áhersla verði á aðstoð við ungar konur, lágtekjukonur, konur í minnihlutahópum og innfæddar konur sem hafa ekki aðgang að fjármagni og eignum. Einnig þarf að veita konum greiðari aðgang

að fjármagnsmörkuðum með því að bæta úr eftirliti og reglum sem ætlað er að styðja við beina og óbeina viðleitni fjármálastofnana til að koma betur til móts við lánsfjárbörf og annars konar fjármagnsbörf örsmárra, lítilla og meðalstórra fyrirtækja í eigu kvenna.

169. Framlag byggðapróunarbanka og fjármögnunaraðila sem margir standa að, svo og tvíhliða fjármögnunarstofnana og einkarekinna stofnana á alþjóðlegum vettvangi, innan svæða eða héraða:

- a. Endurskoða og endurskilgreina, sé þess þörf, svo og koma í framkvæmd stefnu, áætlunum og verkefnum til þess að tryggja að hærra hlutfall fjármagns nái til kvenna í sveitum og afskekktum byggðum.

Veita skal konum þjónustu varðandi rekstur fyrirtækja, svo og þjálfun og aðgang að mörkuðum, fræðslu og tækniþekkingu, einkum lágtekjukonum.

$$f_i(a_i) \quad \text{for } i=1,2,\dots,k$$

$$f = \lim_{\epsilon \rightarrow 0} \sum_{E \in \pi} \left[ \frac{1}{|A|} \right]$$

### Aðgerðir til úrbóta

173 Framlag stjórnvalda í samvinnu við frjáls félagasamtök og einkageirann:

- b. Þróa áætlanir um að veita þjónustu á viðráðanlegu verði fyrir kvenstjórnendur fyrirtækja auk áætlana um þjálfun þeirra og endurþjálfun, einkum í nýrri tækni, vöruþróun, fjármögnun, framleiðslu- og gæðaeftirliti, markaðssetningu og lagalegum hliðum fyrirtækjarekstrar.
- d. Koma á fót kerfi til að draga úr mismunun, þar á meðal fjárfestingarsjóðum til handa fyrirtækjum kvenna, og beina sjónum að konum, sér í lagi lágtekjukonum, í áætlunum um að efla verslun og viðskipti.
- e. Miðla reynslu kvenna í fyrirtækjarekstri sem hafa náð góðum árangri, jafnt í hefðbundnum og óhefðbundnum atvinnugreinum, og kynna þá kunnáttu sem hagstæð er til að ná árangri í viðskiptum. Einnig þarf að auðvelda innbyrðis samskipti þessara kvenna og gagnkvæma upplýsingamiðlun.
- f. Gera ráðstafanir til þess að tryggja að konur fái jafnan aðgang og karlar að símenntun, þar á meðal atvinnulausar konur, einstæðar mæður, konur sem eru að koma aftur út á vinnumarkað eftir langvarandi tímabundið hlé frá launastörfum vegna þarfa fjölskyldunnar og af öðrum ástæðum, svo og konur

sem hafa misst vinnuna vegna nýrra framleiðsluaðferða eða vegna niðurskurðar. Einnig skal auka aðgerðir sem hvetja fyrirtækin til að bæta við starfsmenntunar- og þjálfunarstöðvum þar sem konur fá þjálfun á óhefðbundnum starfssviðum.

174. Framlag fyrirtækja sem starfa í nánasta umhverfi, á heilum landsvæðum eða á landsvísu, alþjóðafyrirtækja og frjálsra félagasamtaka sem sinna málefnum kvenna:

Vera alls staðar málssvarar þess að greiða götu og styðja við atvinnurekstur og fyrirtæki kvenna, þar á meðal þau sem starfa í hinum óformlega hluta vinnu- markaðarins, og tala máli þess að konur fái jafnan aðgang að framleiðslutækjum.

**Styrkja þarf fjárhagslegt boðmagn kvenna og treysta innbyrðis tengsl þeirra í viðskiptalífinu.**

### Aðgerðir til úrbóta

175.

- a. Stjórnvöld skulu samþykkja stefnu sem styður við samtök fyrirtækja, frjáls félagasamtök, samvinnufélög, reikningslánasjóði, lánasamvinnufélög, grasrótarsamtök, sjálfshjálparhópa kvenna og aðra hópa í því skyni að veita þjónustu þeim konum sem stunda eigin atvinnurekstur í dreifbýli og þéttbýli.
- e. Stjórnvöld skulu efla kvennarannsóknir og nýta fræðilegar niðurstöður úr rannsóknum á stöðu kynjanna á öllum sviðum þjóðlífsins, þar á meðal á sviði efnahagsmála, vísinda og tækni, í því augnamiði að tryggja jafnrétti kynjanna.
- h. Stjórnvöld skulu viðurkenna og stuðla að framlagi kvenna í þágu vísinda og tækni.
- i. Stjórnvöld skulu tryggja að stefna þeirra í formi laga og reglugerða mismuni ekki örsmáum, litlum og meðalstórum fyrirtækjum sem konur reka.

176. Framlag fjármálafyrirtækja, innlendra kennslustofnana, lánasamvinnufélaga, frjálsra félagasamtaka, kvennasamtaka, fagfélaga og einkarekinna fyrirtækja eftir því sem við á:

- a. Efla aðgengi kvenna til náms á sviði stjórnunar í viðskiptum og fjármálum jafnt innanlands sem á alþjóðavettvangi. Einnig skal hvetja konur, sér í lagi ungar konur, til að afla sér tæknikunnáttu þannig að þeim verði kleift að taka þátt í mótun efnahagsstefnu jafnt á landsvísu, á einstökum svæðum og á alþjóðavettvangi.

- b. Auðvelda fyrirtækjum kvenna aðgang að þjónustu sem felur m.a. í sér upplýsingar um markaðsmál og verslun svo og þjónustu er varðar hönnun og nýjungar í framleiðslu, tilfærslu tæknikunnáttu og gæðamál.
  - c. Greiða fyrir tækni- og viðskiptasamböndum og hvetja til stofnunar fyrirtækja í sameiginlegri eigu kvenna innanlands, á einstökum svæðum og á alþjóðavettvangi í því skyni að efla frumkvæði kvenna í atvinnumálum á einstökum stöðum.
  - f. Fjárfesta og byggja upp hlutafjäreign til þess að fjármagna fyrirtæki í eigu kvenna.
  - g. Stuðla að því að konur fái tæknilega aðstoð, ráðgjafarþjónustu, menntun og endurmenntun sem gerir þeim kleift að gerast þátttakendur í markaðshagkerfinu.
  - h. Styðja lánveitinganet og nýsköpunarverkefni, þar á meðal hefðbundnar leiðir til sparifjáröfnunar.
  - i. Koma á tengslanetum kvenna sem reka eigin fyrirtæki, þar á meðal tengslaneti sem gefur reynslumeiri konum tækifæri til að gerast ráðgjafar þeirra sem minni eða jafnvel enga reynslu hafa.
  - j. Hvetja nærtæk félagasamtök og opinber stjórnvöld til að koma á fót samskotalánsfjárkerfi fyrir konur sem reka eigin fyrirtæki og nýta í því efni fordæmi um lítil samvinnufélög sem gefið hafa góða raun.
177. Framlag fyrirtækja í einkaeign, þar á meðal fjölþjóðlegra og innlendra fyrirtækja:
- b. Ráða konur til forystustarfa, til ákvarðanatöku og stjórnunarstarfa og sjá þeim fyrir þjálfun, allt til jafns við karla.

Kynskiptingu starfsgreina og hvers kyns mismunun á vinnumarkaði ber að útrýma.

$$\left\{ \frac{1}{\lambda(E)} \right\}_{\lambda E} = \lim_{E \rightarrow \infty} \sum_{E \in \mathbb{N}_k} \left\{ \frac{1}{\lambda(E)} \right\}_{\lambda E}$$

$$\sigma_k = \sum \left\{ \frac{1}{\lambda(E)} \right\}_{\lambda E} = \dots$$

### Aðgerðir til úrbóta

178. Framlag stjórnvalda, atvinnurekenda, launþega, stéttarfélaganna og kvennasamtaka:



Útrýma mismunun sem viðgengst af hendi atvinnurekenda vegna þess hlutverks kvenna að ala börn og annast þau. Hér er meðal annars átt við að barnshafandi konum og konum með barn á brjósti er meinuð atvinna eða þeim sagt upp störfum af þeim sökum.

Þróa og stuðla að áætlunarverkefnum í atvinnumálum og þjónustu við konur sem eru að koma út á vinnumarkaðinn, einkum fátækar konur úr þéttbýli og dreifbýli og ungar konur, sjálfstætt starfandi konur og þær konur sem verða fyrir barðinu á skipulagsbreytingum í efnahagsmálum.

Framkvæma og hafa eftirlit með áætlunarverkefnum um atvinnutækifæri kvenna hjá opinberum aðilum og einkafyrirtækjum. Einnig skal koma í framkvæmd og fylgjast með áætlunum um að gæta fyllsta jöfnuðar í launa- og ráðningarmálum kvenna og karla og áætlunum um sérstakar tímabundnar aðgerðir í þágu kvenna, en öllum slíkum áætlunum er ætlað að vinna gegn kerfisbundinni mismunun gagnvart konum á vinnumarkaði, einkum fötluðum konum og öðrum konum sem standa höllum fæti.

Útrýma kynskiptum starfsgreinum, einkum með því að stuðla að þátttöku kvenna til jafns við karla í störfum sem krefjast mikillar kunnáttu og í æðri stjórnunarstöðum. Þessu skal einnig náð með öðrum aðgerðum, svo sem ráðgjöf og útvegum starfa sem stuðla að starfsframa kvenna á eigin vinnustað og greiða fyrir stöðuhækkunum þeirra á vinnumarkaði almennt. Ennfremur verður að stuðla að fjölbreyttara starfsvali jafnt kvenna og karla, þar á meðal hvetja konur til að fara í óhefðbundin störf, einkum á sviði vísinda og tækni, og hvetja karla til að leita sér starfa í félagsþjónustugeiranum.

Gera öflugra átak að því takmarki að afnema launamun kvenna og karla og gera ráðstafanir til að grundvallarreglan um jöfn laun fyrir jafnverðmæt störf komi til framkvæmda með því að kveða fastar að í löggjöf. Meðal annarra atriða ber að fara eftir alþjóðalögum og stöðlum um vinnumarkaðinn og hvetja til þess að fram fari starfsmat á forsendum sem eru hlutlausar gagnvart kynjunum.

## KONUR VIÐ STJÓRNVÖLINN



182. Í heiminum öllum eru konur aðeins 10% þeirra sem eiga sæti á löggjafarþingum þjóða sinna og hlutfall kvenna í ráðherrastólum er enn lægra. Í sumum ríkjum, þar á meðal þeim ríkjum sem eru í þann veginn að taka grundvallar-breytingum í stjórnmalalífi, efnahagslífi og samfélaginu í heild, hefur konum á þingi reyndar fækkað. Enda þótt konur hafi öðlast kosningarrétt og séu að minnsta kosti helmingur kjósenda í nær öllum löndum auk þess að hafa öðlast rétt til að gegna embættum í nánast öllum aðildarríkjum Sameinuðu þjóðanna er hlutfall kvenna sem gefa kost á sér eða koma til greina til starfa á vettvangi stjórnmála og í opinberum embættum mjög lágt miðað við hlutfall karla. Hið hefðbundna verklag margra stjórnmálaflokka og stofnana á vegum stjórnvalda er þess eðlis að það stendur enn sem fyrr í vegi fyrir þátttöku kvenna í lífinu utan veggja heimilanna. Viðhorf og venjur sem einkennast af mismunun gagnvart konum geta átt sinn þátt í því að halda aftur af konum að sækjast eftir störfum á vettvangi stjórnmála, en sömu áhrif hafa skyldur við fjölskyldu og umönnun barna og hinn mikli kostnaður sem því fylgir að gefa kost á sér til slíkra starfa og gegna þeim. Konur í stjórnmálum og í embættum þar sem ákvarðanir eru teknar í ríkisstjórnnum og á löggjafarþingum leggja sitt af mörkum til að skilgreina að nýju forgangsverkefni stjórnmálanna og setja ný atriði á verkefnalista þeirra. Þessi atriði endurspeglar gildismat kvenna og reynslu og beinast að málefnum sem konur láta sig varða fremur en karlar, og þau geta leitt til nýrra viðhorfa innan stjórnmála.
186. Stjórnvöld, fjölþjóðafyrirtæki og innlend fyrirtæki, fjölmiðlar, bankar, háskóla- og vísindastofnanir, svæðisbundin og alþjóðleg samtök, þar með talin þau sem tilheyra Sameinuðu þjóðunum, nýta ekki að fullu hæfni kvenna til að gegna æðstu stjórnunarstöðum, marka stefnu, starfa í utanríkisþjónustu og við samningagerð.

Tryggja ber konum jafnan aðgang og  
 hördum að valdastofnunum þjóðfélagsins  
 og ákvarðanatöku svo og fulla þátttöku á  
 þeim sviðum.

## Aðgerðir til úrbóta


190.

Stjórnvöldum ber að viðurkenna þá staðreynd að jöfn þátttaka kvenna og karla í heimilisstörfum og jöfn foreldraábyrgð greiðir fyrir því að konur taki aukinn þátt í daglegu lífi utan veggja heimilisins. Jafnframt ber að gera viðeigandi ráðstafanir til að slík skipan komist á, meðal annars ráðstafanir sem miða að því að fjölskyldulíf og starf sem fólk hefur hlotið menntun til geti farið saman.


192.

Framlag stjórnvalda, stofnana á landsvísu, einkafyrirtækja, stjórnmalaflokka, stéttarfélaganna, samtaka atvinnurekenda, rannsókn- og háskólastofnana, héraðs- og svæðibundinna stofnana, frjálsra og alþjóðlegra félagasamtaka:

Koma á kerfi eða efla það sem fyrir er til að fylgjast með aðgangi kvenna að æðstu stigum ákvarðanatöku.



## STOFNANIR SEM VINNA AÐ FRAMGANGI KVENNA



203.

- c. Stjórnvöld skulu sjá svo um að starfsfólk gæti jafnt að báðum kynjum við söfnun, skipulagningu og úttekt á hvers kyns gögnum fyrir hagtolur.
- f. Stjórnvöld skulu stuðla að og greiða fyrir því að hinir margvíslegu aðilar sem starfa á vegum stofnana hjá ríki, einkafyrirtækjum og félagasamtökum taki virkan þátt í þeirri vinnu að koma á jafnrétti kvenna og karla.

**Taka þarf fullt tillit til sjónarmiða beggja kynja í löggjöf, opinberri stefnu, áætlunum og verkefnum.**

### Aðgerðir til úrbóta

204.

- a. Stjórnvöld skulu leitast við að tryggja að áður en stefnumarkandi ákvarðanir eru teknar fari fram úttekt á áhrifum þeirra, annars vegar á konur og hins vegar á karla.
- d. Stjórnvöld skulu í samvinnu við þingmenn stuðla að því að tekið sé tillit til beggja kynja í allri lagasetningu og stefnumörkun.


**Gögn og upplýsingar fyrir áætlanagerð og mat þarf að útbúa og dreifa þannig að fram komi skipting eftir kyni.**

### Aðgerðir til úrbóta

207.

- a. Stjórnvöld skulu tryggja að hagskýrslur um stöðu kynjanna komi út reglulega og þær skulu birta og túlka gögn er varða konur og karla á hverjum tíma á því formi sem hentar margbreytilegum hópi notenda sem ekki hefur sérþekkingu á hagskýrslum.
- c. Stjórnvöld skulu gangast fyrir því að þróa og hvetja til rannsókna á vegum

rannsóknarstofnana, stéttarféлага, atvinnurekenda, einkafyrirtækja og frjálsra félagasamtaka um hvernig deila megi völdum og áhrifum í þjóðfélaginu með konum og körlum. Slíkar rannsóknir skulu taka jafnt til efnislegra þátta og tölu- legra. Í því samhengi verði gerðar rannsóknir á fjölda kvenna og karla í æðri ábyrgðarstöðum jafnt hjá hinu opinbera og hjá einkafyrirtækjum.



ifnun,  
sem  
taki  
vanir  
egar  
it til  
ega  
því  
gu  
im


## MANNRÉTTINDI KVENNA

210. Mannréttindi og grundvallarfrelsi hvers einstaklings eru fæðingarréttur allra manna. Stjórnvöldum ber ofar öllu skylda til að vernda þessi réttindi og efla vitund almennings um rétt sinn.

Pekingáætlunin í jafnréttismálum (Platform for Action) staðfestir að öll mannréttindi, – borgaraleg, menningarleg, stjórnmalaleg og félagsleg, þar með talinn rétturinn til þróunar – skulu ná til allra manna, verði ekki sundur skilin og eru hvert öðru háð og tengd, svo sem segir í yfirlýsingu og framkvæmdaáætlun sem samþykkt var á Mannréttindaráðstefnu Sameinuðu þjóðanna í Vín. Ráðstefnan staðfesti að mannréttindi kvenna og stúlkubarna eru órofinn hluti almennra mannréttinda. Það skal hafa forgang hjá stjórnvöldum og Sameinuðu þjóðunum að konur og stúlkur fái notið allra mannréttinda og grundvallarfrelsis að fullu og til jafns við karla og er það nauðsynleg forsenda þess að stöðu kvenna miði fram á veg.

229. Þegar stjórnvöld sem og aðrir beita sér fyrir auknum mannréttindum ber þeim að hafa að leiðarljósi þá stefnu að gæta í hvívetna sjónarmiða kynjanna í allri stefnumótun og áætlunum á virkan og augljósan hátt þannig að áður en ákvarðanir eru teknar fari fram úttekt á áhrifum þeirra, annars vegar á konur og hins vegar á karla (sbr. einnig greinar 123, 124, 141 og 238).

Stjórnvöldum ber að beita sér fyrir mannréttindum kvenna og vernda þau með því að framfylgja til fulls öllum samningum um mannréttindi, einkum Kvennasáttmála Sameinuðu þjóðanna (Samningnum um afnam allrar mismununar gagnvart konum).



Tryggja ber jafnrétti að lögum og í reynd og mismunun gagnvart öðru kyninu sé hvergi tilfinna, hvorki í lögum né í reynd.

### Aðgerðir til úrbóta

232.

Stjórnvöld skulu sjá svo um að opinberum embættismönnum verði veitt menntun og þjálfun um mannréttindamál þar sem tekið er jafnt tillit til beggja kynja. Meðal slíkra embættismanna eru starfslið lögreglu og hers, starfsfólk fangelsa, læknar og annað starfsfólk við heilbrigðisþjónustu, félagsráðgjafar, þar á meðal fólk sem fæst við málefni innflytjenda og flóttafólks, og kennarar á öllum stigum skólakerfisins. Einnig þarf að veita starfsfólki dómstóla og fulltrúum á þingi þess háttar menntun og þjálfun í því skyni að gera þeim kleift að gegna opinberum skyldum sínum betur.

Stjórnvöld skulu tryggja að konur njóti sama réttar og karlar til að starfa meðal annars sem dómarar, lögmenn og aðrir embættismenn dómstóla, svo og sem lögreglumenn og fangaverðir.

Tryggja ber aðgangi að lögum og efla skilning á laga-

### Aðgerðir til úrbóta

233.

Framlag stjórnvalda og frjálsra félagasamtaka, Sameinuðu þjóðanna og annarra alþjóðlegra samtaka eftir því sem við á:

Þýða lög og upplýsingar sem varða jafna stöðu kynjanna og mannréttindi kvenna á innlend tungumál alltaf þegar því verður við komið og á það form annað sem hæfir þeim sem eiga við fötlun að stríða eða eru ekki fyllilega læsir. Meðal slíks efnis eru Mannréttindayfirlýsing Sameinuðu þjóðanna, Alþjóðasamningur um borgaraleg og stjórnmalaleg réttindi, Alþjóðasamningur um efnahagsleg, félagsleg og menningarleg réttindi, Kvennasáttmáli Sameinuðu þjóðanna, Alþjóðasamningur um afnám allrar kynþáttamismununar, Samningur um réttindi barna (Barnasáttmáli Sameinuðu þjóðanna), Samningur gegn pyntingum og annarri grimmilegri, ómannúðlegri eða lítilsvirðandi meðferð eða refsingu, Yfirlýsingin um rétt til þróunar og Yfirlýsingin um útrýmingu ofbeldis gegn konum, sem og niðurstöður frá ráðstefnum og leiðtogafundum á vegum Sameinuðu þjóðanna sem málið varða og skýrslur einstakra ríkja til Nefndarinnar um afnám mismununar gagnvart konum.

# KONUR OG FJÖLMIÐLAR



236. Breyta verður þeirri neikvæðu og lítilsvirðandi mynd af konum sem sífellt er haldið á lofti í fjölmiðlum – í tölvuefni, á prenti, í myndefni og hljóðefni. Í flestum löndum gefur prentað mál og tölvuefni engan veginn rétta mynd af fjölbreytilegu lífi kvenna og framlagi þeirra til samfélagsins í veröld sem er sífældum breytingum undirorpin. Þar að auki hefur **offeldiskennt** og klámfengið fjölmiðlaefni neikvæð áhrif á konur og þátttöku þeirra í þjóðfélaginu. Þáttagerð sem viðheldur hinum hefðbundnu hlutverkum kvenna getur haft í för með sér sömu takmarkanir. Hin vaxandi neysluhneigð um allan heim hefur skapað umhverfi þar sem auglýsingar og tilkynningar um viðskipti sýna konur oft fyrst og fremst sem neytendur og beinast að stúlkum og konum á öllum aldri á óviðeigandi hátt.
237. Hvetja þarf konur til að afla sér aukinnar kunnáttu, þekkingar og aðgangs að upplýsingatækni samfara því að efla aðgengi þeirra að þeim uppsprettum sem gera konum kleift að komast til meiri valda og áhrifa. Þannig munu þær verða betur færar um að snúast gegn þeirri neikvæðu staðalmynd sem dregin er upp af konum á alþjóðlegum vettvangi og sporna við misbeitingu á því valdi sem þessi sífellt umsvifameiri atvinnugrein býr yfir. Það þarf að móta og efla þannig skipan að fjölmiðlar setji sér sjálfir reglur og þrói viðhorf sem stöðva þáttagerð sem í einhverju efni ber vott um að öðru kyninu sé mismunað.
238. Þegar stjórnvöld sem og aðrir snúa sér að því að virkja fjölmiðla ber þeim að hafa að leiðarljósi þá stefnu að gæta í hvívetna sjónarmiða kynjanna í allri stefnumótun og ætlunum á virkan og augljósan hátt.

Kona verður fleiri konum en áður og fjölmiðlar eru óþjálfaðir og óþjálfaðir í fjölmiðlum og fjölmiðlar. Þetta er minnar nýju samskipti og fjölmiðlar. Þetta er aðgang þeirra og þátttöku þeirra í þjóðfélaginu. Þetta er varðandi þessa mál.



## Aðgerðir til úrbóta

- 239.
- Stjórnvöld skulu stuðla að menntun, þjálfun og atvinnu sem greiðir fyrir og tryggir konum jafnan aðgang og körlum að öllum sviðum fjölmiðla.



- b. Stjórnvöld skulu efla rannsóknir á öllum sviðum sem tengjast konum og fjölmiðlum þannig að unnt verði að skilgreina þau svið sem þarfnast athugunar og aðgerða. Jafnframt skal endurskoða gildandi stefnu fjölmiðla með það í huga að slík stefna taki í einu og öllu jafnt tillit til beggja kynja.
- c. Stjórnvöld skulu stuðla að fullri og jafnri þátttöku kvenna í fjölmiðlum, þar á meðal í stjórnun, þáttagerð, menntun, þjálfun og rannsóknum.

Stjórnvöldum ber að hvetja ráðgjafa og stjórnendur, eftirlitsaðila, einka- og ríkisrekna fjölmiðla, að því leyti sem slíkt samrýmist tjáningarfrelsi, til þess að fjölga dagskrárþáttum fyrir konur og eftir konur svo að þess verði gætt að taka á þörfum og hugðarefnum kvenna.


**Ýta þarf undir að fjallað verði um konur í fjölmiðlum frá öllum hliðum og ekki út frá stöðu-  
uðum úreltum hugmyndum um þær.**

### Aðgerðir til úrbóta

243. Framlag stjórnvalda og alþjóðasamtaka, að svo miklu leyti sem það samrým-  
ist tjáningarfrelsi:
- a. Stuðla að rannsóknum og framkvæmd áætlana um fræðslu, menntun og boðmiðlun sem miða að því að ýta undir umfjöllun um konur og stúlkur frá öllum sjónarhornum og hin margvíslegu hlutverk þeirra.
  - b. Hvetja fjölmiðla og auglýsingastofur til að gangast fyrir sérstökum áætlunarverkefnum til þess að efla vitund og skilning á Pekingáætluninni um jafnréttismál.
  - c. Hvetja til þess að sérmenntað fjölmiðlafólk, meðal annars eigendur og stjórnendur fjölmiðla, fái þjálfun þar sem tekið er tillit til ólíkra viðhorfa og reynslu kvenna og karla til að koma megi í veg fyrir að ímynd kvenna í fjölmiðlum ein-skorðist við staðlaðar og úreltar hugmyndir um þær. Þess í stað fjalli fjölmiðlar um konur í ljósi þeirrar fjölbreytni sem ríkir meðal kvenna í veröld nútímans.
  - d. Hvetja fjölmiðla til þess að forðast að sýna konur sem óæðri verur og hagnýta þær sem hlutgerðan kynferðisvarning, en sýna þær þess í stað sem skapandi manneskjur og gerendur í eigin lífi sem leggja sitt af mörkum til nýsköpunar og þróunar og njóta ávaxta hennar.
  - e. Stuðla að þeirri hugsun að hin staðlaða og úrelta mynd sem fjölmiðlar draga gjarnan upp af hlutverkum kvenna og karla þar sem ævinlega hallar á konur

feli í sér mismunun á grundvelli kynferðis og sé í eðli sínu lítilsvirðandi og móðgandi.

- f. Grípa til raunhæfra ráðstafana, meðal annars að setja viðhlítandi lög gegn klámi og birtingu ofbeldis gegn konum og börnum í fjölmiðlum.



## KONUR OG UMHVERFIÐ



**Virkja þarf konur til að taka þátt í ákvörðunum um umhverfismál á öllum stigum.**

### Aðgerðir til úrbóta


253. Framlag stjórnvalda á öllum stigum, þar á meðal sveitarstjórna, eftir því sem við á:
- a. Tryggja að konur fái tækifæri til að taka þátt í ákvörðunum um umhverfismál á öllum stigum ákvarðana, meðal annars sem stjórnendur, hönnuðir og skipuleggjendur sem og við mat á umhverfisverkefnum.
  - b. Auðvelda og auka aðgang kvenna að upplýsingum og menntun, meðal annars á sviði vísinda, tækni og hagfræði, samfara því að efla þekkingu, kunnáttu og tækifæri þeirra til að taka þátt í ákvörðunum um umhverfismál.
  - c. Stuðla að virkri vernd og nýtingu á þekkingu, nýjungum og viðteknum vinnubrögðum kvenna í heimkynnum þeirra, að því tilskildu að það samræmist innlendra löggjöf og sé í samræmi við Samninginn um líffræðilega fjölbreytni. Í þessu felst meðal annars að nýta viðtekin vinnubrögð kvenna í tengslum við arftekna lækningaaðferðir, líffræðilega fjölbreytni og verkunnáttu innfæddra og að leitast við að tryggja leiðir til þess að virða, stuðla að og varðveita þessa þætti á sjálfbæran hátt fyrir umhverfið. Jafnframt ber að stuðla að því að þessir sömu þættir nýtist í víðara samhengi með samþykki og þátttöku þeirra sem búa yfir slíkri þekkingu. Auk þessa skal standa vörð um einkarétt þessara kvenna á hugverkum sínum í samræmi við innlend og alþjóðleg lög. Vinna þarf á virkan hátt að því að finna fleiri leiðir til þess að vernda og nýta þess konar þekkingu sem og nýjungar og viðtekin vinnubrögð á raunhæfan hátt. Þó verður að gæta þess að slíkt samræmist innlendra löggjöf og sé í samræmi við Samninginn um líffræðilega fjölbreytni og viðeigandi alþjóðalög. Loks skal ýta undir að sá hagur sem verður af nýtingu þessara þátta komi jafnt og sanngjarnt til skiptanna.

**Taka verður jafnt tillit til beggja kynja í stefnumótun og áætlunum um sjálfbæra þróun**

**Aðgerðir til úrbóta**

256.

- a. Stjórnvöld skulu gangast fyrir því að gefa konum, þar á meðal innfæddum konum, beina aðild að ákvörðunum um sjálfbæra auðlindastjórnun og mótun stefnu og áætlana um sjálfbæra þróun til jafns við karla þar sem sjónarmið þeirra og þekking fá notið sín. Þetta gildir ekki síst um mótun stefnu og áætlana til að takast á við og koma í veg fyrir spillingu lands af völdum umhverfisþátta.
- b. Stjórnvöld skulu láta leggja mat á stefnu og áætlanir með tilliti til umhverfisáhrifa þeirra og með tilliti til þess að konur fái aðgang að náttúruauðlindum og nýti þær til jafns við karla.
- g. Stjórnvöld skulu móta og fylgja eftir markvissri áætlun um breytingar í því skyni að útrýma öllum hindrunum sem koma í veg fyrir að konur taki fullan og jafnan þátt í sjálfbærri þróun og eigi sama aðgang og karlar að auðlindum og yfirráðum yfir þeim.
- h. Stjórnvöld skulu stuðla að menntun stúlkna og kvenna á öllum aldri í raunvísindum, tækni og hagfræði sem og öðrum greinum sem tengjast umhverfi náttúrunnar. Þannig geta konur byggt hvers kyns val sitt á þekkingu og lagt sitt af mörkum á grundvelli þekkingar til að ákvarða forgangsatriði í efnahagsmálum, vísindum og umhverfismálum við stjórnun og viðeigandi nýtingu náttúruauðlinda, annarra auðlinda og vistkerfa á hverjum stað.
- i. Stjórnvöld skulu láta þróa áætlanir um að veita konum sem áhuga hafa á umhverfismálum tækifæri til að gerast þátttakendur í stjórnun umhverfismála á þeim sviðum sem þær starfa. Þá skal fjölga tækifærum til að ráða konur til starfa á sviði umhverfismála, gefa þeim kost á stöðuhækkunum og koma í framkvæmd sérstökum aðgerðum til að efla sérþekkingu og þátttöku kvenna í umhverfismálum.



## STÓLAUBÖRN OG UNGLINGSSTÚLKUR

262. Barnungar stúlkur og unglingsstúlkur geta fengið margvísleg mótsagnakennd og ruglandi skilaboð um kynhlutverk sitt frá foreldrum, kennurum, jafnöldrum og fjölmíðlum. Konur og karlar þurfa að vinna með börnum og unglingum að því að brjóta niður hinar lífseigu, stöðluðu og úreltu hugmyndir um konur og karla, en um leið verður að taka tillit til réttinda barna og ábyrgðar foreldra, réttinda þeirra og skyldna.
263. Enda þótt skólagengnum börnum hafi fjölgað á síðustu árum í sumum löndum hefur drengjum þó vegnað mun betur en stúlkum. Árið 1990 áttu 130 milljón börn engan aðgang að barnaskólum og þar af voru stúlkur 81 milljón. Margar ástæður liggja að baki þessu, t.d. hefðbundin viðhorf, atvinna barna, giftingar á ungum aldri, peningaskortur og skortur á nægilegu skólahúsnæði, þungun unglingsstúlkna og kynjamisrétti í þjóðfélaginu í heild og í fjölskyldum almennt. Í sumum löndum getur skortur á kennslukonum staðið í vegi fyrir því að stúlkur innritist í skóla. Í mörgum tilvikum eru stúlkur farnar að taka að sér erfið heimilisstörf mjög ungar að árum og til þess er ætlast að þær ráði við skólanámið og verkefni á heimilinu jöfnum höndum. Þetta hefur oft þær afleiðingar að þær standa sig illa í skóla og hætta fljótt námi.
268. Yfir 15 milljón stúlkur á aldrinum 15 til 19 ára ala barn á ári hverju. Að verða móðir á mjög ungum aldri hefur í för með sér erfiðleika á meðgöngu og í fæðingu og hættan á að móðir látist af barnsförum er miklu meiri en meðaltalið segir til um. Börn ungra mæðra veikjast meira en önnur börn og dánartíðni þeirra er hærri. Barnsburður mæðra á ungum aldri er enn sem áður hindrun í vegi úrbóta á stöðu kvenna í menntunarmálum og í efnhagslegum og félagslegum efnum alls staðar í heiminum. Þegar á heildina er litið geta gifting og barneignir stúlkna á ungum aldri skert menntunar- og atvinnumöguleika þeirra verulega og það eru öll líkindi til þess að slíkt hafi neikvæð áhrif á lífsgæði þeirra og barna þeirra til langframa.

Útgerandi: Felagsmálaráðuneytið, apríl 1998

Hönnun kápu: Ydda / Prentun: Hagprent-Ingólfsprent ehf / Myndskreytingar og útlit: Lasso og Reata

ISBN: 9979-868-12-0